

# Á púpuveiðum að tékkneskum hætti í meistaraflokki með Jan Šiman og maltverska landsliðinu í fluguveiðum vorið 2009



*Veðiheimilið Rybárska bašta, heimili fluguveiðimanna. Morgunverðurinn var snæddur á pallinum.*

Að veiða andstreymis. Eitthvað fannst mönnum dularfullt við þessa veiðiaðferð þegar fyrst heyrðist þískrað um hana fyrir allmörgum árum norður í Mývatssveit. Það fréttist af nokkrum sérvitringum sem veiddu andstreymis en flestum fannst þetta undarlegt og öfugsnúið, að standa nánast á tókustaðnum og henda flugunni rétt framfyrir fæturna á sér. Þegar flestir voru hæstánægðir með fjóra eða fimm fiska á vakt, veiddu andstreymismenn sjaldan færri en tólf. Ýmsir snjallir veiðimenn fóru að kenna okkur hinum þessa aðferð en með frekar litlum árangri. Það var svosem nógu auðvelt að skilja hvað átti að gera: kasta þungri púpu uppí strauminn – ekki endilega mjög langt - láta hana reka með botninum á eðlilegum straumhraða – og þá er‘ann á!

Einhverveginn tókst þetta aldrei hjá mér, og þá sjaldan ég hætti mér í að prófa aðferðina þar hún lítinn árangur – annan en þann að ég tapaði flugunum mínum. Manni hafði verið sagt að með þessari aðferð væri fjórða hver festa fiskur. Sú tölfraði hlýtur að vera reiknuð í öðru landslagi en hraungrýtinu í Mývatnssveit og Laxárdal því hjá mér voru allar festur í botni.

En það er kannski ekki alveg að marka hjá manni sem hvort eð er fær aldrei fisk.

Þegar minna veiðist fara menn æ oftast að tala um andstreymisveiði og fleiri fara að reyna. Í útlendum veiðiblöðum, sem maður er farinn að laumast til að kíkja í, er þetta kallað „Czech nymfing“, Tékkneskar púpuveiðar, andstreymisveiði með svoköllum „tékkneskum púpum“, og sagt vera sérstakt herbragð sem

Tékkar og Pólverjar hafi innleitt á alþjóðamótum í fluguveiði og jafnan veitt meira en aðrir.

## Veðihorn Jans Šimans

Einhvern tíma þegar ég er að leita að fluguhnýtingarefni á netinu rekst ég á heimasíðu Jans Šimans í Tékklandi (<http://shop.siman.cz/>). Ég hafði heyrt hans getið fyrir hnýtingarefni í púpur sem Veðihornið seldi fyrir fáeinum árum, (<http://www.veidihornid.is/default.asp?page=frvorur&vorur=50>). Veðihornið efndi meira að segja einu sinni til fluguhnýtingarkeppni með Jan Šiman, sjá <http://www.veidihornid.is/default.asp?page=au&id=19>, en mér skilst að efni frá honum fáist ekki lengur hér á landi.

Šiman rekur litla verslun með hnýtingarefni og veiðivörur á net-

inu og skipuleggur veiðinámskeið á vorin og haustin sem hann kallar Masterclass in Czech nymfing, eða Meistarflokk í tékkneskum púpuveiðum. Sjálfur státar hann að hafa verið í hinu sigursæla tékkneska landsliði í fluguveiðum, og umsagnir um námskeið hans á netinu eru allar á einn veg: Mjög lærdómsrík og skemmtileg.

### Ráðabrigg

Síðastliðið vor áttum við hjónin þess kost að dvelja í nokkrar vikur í Leifsbúð, lista- og fræðimannsíbúð á vegum íslensku ræðismannshjónanna í Tékklandi. Ég hugsaði að nú gæfist mér tækifæri til að láta langbráðan draum rætast og ég skráði mig á námskeið hjá Jan Šiman, dagana 10. til 13. maí. Dagskráin var sannarlega girnileg. Tveir heilir dagar í veiðihúsi við Moldá, nálægt uppsprettunum í Suður-Bæheimi, sem Þjóðverjar kalla Böhmerwald, veitt á daginn en hnýtt á kvöldin, sagðar veiðisögur og drukinn bjór. Betra gat það ekki verið, og allt þetta kostaði eins og einn dagur í Mývatnssveit á nýja verðinu – og á nýja genginu.

Þegar nær dró áttaði ég mig á að ef til vill væri vandamál í uppsiglingu – konan var með. Hún hafði reyndar ekki hug á að skrá sig á námskeiðið en ég var ekki viss um að hún hefði gaman af að sitja á bakkanum allan tímann. Ég skrifaði Jan Šiman um þetta áhyggjuefni en hann svaraði um hæl að þetta myndi leysast, hann ætti von á áströlskum hjónum sem líkt væri ástatt um, og þá gætu þær konurnar brallað eitthvað saman meðan við værum í ánni.

### Maltverska landsliðið mætir á staðinn

Þetta gekk allt eftir. Á námskeiðinu voru einungis tveir nemendur, ég og Steve Varga, frá Melbourne í Ástralíu. Þau Varga-hjónin, Steve og Marty, voru á þriggja mánaða Evrópuferð í tvennum erindagjörðum, annars vegar að heimsækja evrópska ættingja sína, hins vegar ætlaði Steve að veiða. Ættingjar Steve í öðrum og þriðja lið búa aðallega í Ungverjalandi og Austurríki, en Marty á alla sína fjölskyldu á Möltu og er maltverskur ríkisborgari. Þegar við hittum þau í Tékklandi höfðu þau hjónin dvalið nokkra daga í Búlgaríu við veiðar með leiðsögu-manni í ám og lækjum og framundan var hápunktur Evrópuferðarinnar, heimsmeistaramót í fluguveiðum,



Maltverska landsliðið skorar 2-0.

haldið í Skotlandi í júní (<http://www.worldflyfishingchampionships2009.com/>). Steve var kominn á námskeiðið til að leggja síðustu hönd á undirbúning sinn fyrir heimsmeistaramótið undir leiðsögn Jans.

Það má því ljóst vera að við Steve vorum þarna á svölitið ólíkum forsendum. Ég var kominn til að læra grundvallaratriðin í andsteymisveiði en Steve til að fínslípa tæknina, verða sér úti um réttu græjurnar, tauma, flugur, tökuvara og margt annað smálegt sem ég vissi ekki að væri til, og læra allskyns veiðibrellur sem gera myndu gæfumuninn þegar keppt væri við þá færustu í heimi.

En þótt Steve væri snjall veiðimaður, og með veiðidelluna á efsta stigi, kvaðst hann ekki vera nógu snjall til að komast í landslið Ástralía í greininni. Á hinn bóginn væri hann svo heppinn að vera með tvöfalt ríkisfang, þökk sé hinni maltversku eiginkonu, bæði ástralskt og maltverskt. Til að geta keppt fyrir hönd þjóðar sinnar á heimsmeistaramóti þarf maður fyrst og fremst að hafa rétt ríkisfang og í öðru lagi að hafa stimpil frá opinberu landsambandi í viðkomandi íþrótt.

Steve notfærði sér þetta og skrifaði Landsambandi stangaveiðifélaga á Möltu bréf þess efnis að hann hefði hug á að keppa fyrir



Miroslav Kúrka hnýtir „Kúrkur“ við gluggann á barnum. Þetta er nú líf í lagi. „Á myndina vantar björglasið.“

hönd Möltu á heimsmeistaramóti í fluguveiðum og spurði hvort væri laust pláss í landsliðinu. Á Möltu eru engar ár og engin vötn og eina stangveiðin sem Maltverjar þekkja er stangveiði í sjó. Þeir kváðust ekki hafa neinn innan sinna raða sem kynni að veiða fisk á þurru landi og höfðu aldrei heyrt minnst á umrætt heimsmeistaramóti. Þeir skyldu því með ánægju gefa út vottorð um að Steve Varga keppti í fluguveiðum fyrir hönd Möltu í Skotlandi sumarið 2009.

### Vígi veiðimanna við Rósinberg

Að kvöldi 10. maí rennum við í hlað við lítið veiðiheimili, Rybárská bašta (Veiðimannavígi), við sveitaveg upp með Moldá hjá bænum Rožmberk, eða Rósinberg (<http://www.bastarozmberk.cz/en/kontakt.html>). Handan við þjóðveginn rennur Moldá og einfalt að ganga yfir götuna og byrja að veiða á lítilli bryggju sem þarna er við ána.

Þetta er lítið pensjónat eins og víða má sjá í Miðevrópu, tvílyft hús með risi í þýsk-tékkneskum Alpastíl, og barinn er jafnframt setustofa fjölskyldunnar. Þarna mataðist Kúrka-fjölskyldan um leið og gestirnir, horfði á sjónvarpið eða skemmti gestum eftir atvikum. Uppi um alla veggir eru myndir af fiskum, uppstoppaðir fiskar, veiðistangir og verðlaunagripir fyrir árangur í veiðimótum.

Það hríslast um mann sérstaklega notaleg tilfinning við að ganga inn í þetta litla gistiheimili, ekki ósvipuð þeirri tilfinningu sem Ármenn þekkja þegar þeir koma í Árósa, þegar maður er þess fullviss að líf allra viðstaddra snýst um fluguveiði. Eftir matinn sest húsbóndinn við þvinguna út við gluggann á barnum og hnýtir sínar listilegu flugur sem hann kallar Kurkovky (sjá mynd) – og íslenski urriðinn kann vel að meta – og skemmtir gestum með veiðisögum, en eiginkonan sér um að ekki þorni í björglasinu.

Á þessum slóðum er Moldá nýsloppin úr gríðarmiklu uppstöðulóni sem kennt er við bæinn Lipno. Lónið er hið efsta í röð nokkurra miðlunarlóna í ánni. Þar er miðstöð hvers kyns vatnaþróttu og útivistar og þangað safnast þúsundir ferðamanna þegar líður á sumarið.



Hólkur til að losa flugu úr fiski án þess að þurfa að taka fiskinn úr vatninu eða skemma fluguna. Nauðsynlegt áhald ef menn ætla að sleppa bráðinni með lágmarksmeiðslum.

### Veitt í skóginum

Daginn eftir kemur í ljós að vegna hreinsunar á stíflumanvirkjum og rennum, neðar við ána, hefur óvenjumiklu vatni verið hleypt niður gegnum stífluna svo áin er nánast óveiðandi fyrir utan hótelið. Jan tekur það til bragðs að keyra með okkur upp fyrir miðlunarlónið, um klukkutíma akstur. Þar renna tvær uppatakavíslar Moldár, sú heita og sú kalda, ósnortnar af afskiptasemi raforkuframleiðenda.

Konurnar ætla að nota daginn til að skoða merkileg þorp í nágrenninu, hallir og söfn.

Við stöðvum bílinn á auðu tjaldstæði inni í skóginum við ána. Ferðamannatíminn er enn ekki hafinn svo hér erum við í fullkomnum friði – einir, langt frá byggð. Þegar maður hugsar til þess hvað Moldá er tilkomumikið vatnsfall þar sem hún streymir gegnum Prag, finnst manni hún vera hér eins og lítill lækur. Hún rennur fram, alveg tær, milli lágra bakka sem ýmist eru grasi vaxnir eða skógi, álíka vatnsmikil og Grenlækur við Neðri skurð, botninn sléttur malar- eða sandbotn og víðast hvar vel væð nema þar sem trjástofnar hafa lagst í ána.

Við áttum að mæta með 8'6 til 10 feta stöng, fyrir flotlínu nr. 3 til 4. Jan réttir okkur 3,5 punda taumefni (0,12) og tökuvara og hjálpar okkur að setja þetta saman. „Þið skuluð gera ráð fyrir að hnýta þrjár púpur á tauminn, með liðlega eins metra millibili,“ segir hann og sýnir okkur hvernig best er að hnýta taumefnið saman þannig að laus endi sé við hvern hnút. „Við notum bara tvo efstu endana fyrst, en hnýtum þriðju púpuna á þegar við komum á meira dýpi hérna svolítið neðar, þar er áin líka straumharðari,“ bætir hann við. Frá tökuvara að neðstu flugu á að vera um það bil dýpt árinna og helmingur til viðbótar þannig að neðsta púpan nái botni fljótt og vel.

Tökuvarinn er mikið atriði. Jan sýnir okkur nokkrar tegundir af skærrauðum og eiturgrænum tökuvörum. Sumir eru eins og gormar, sem taka höggð og minnka þar með hættuna á að fiskurinn slíti grannan tauminn. Ég fæ lítinn skærrauðan spotta, ofinn með lykkjum á endunum, sem á að tengja milli línunnar og taumsins. Þeir Jan og Steve ræða nú drjúga stund um tókur og tökuvara, eiginleika og liti og hvar sé best að koma tökuvaranum fyrir á taumnum. Þeir ræða glærar línur,



Veðiðfélagarnir, Jan Šiman (t.v.) og Steve Varga (t.h.), albúnir til veiðanna.

litaða tauma, flúrókarbón, flotenda, sökkauma, og hvað sé leyfilegt að nota á heimsmeistaramóti. Jan seilist ofan í kistur sínar í skottinu og dregur fram alls konar dót sem þeir skoða af mikilli þekkingu. Ég hætti að fylgjast með og litast um, hafði alls ekki áttað mig á öllum þessum möguleikum: „tökuvari“, þarf það að vera svo margbrotið? Ég fæ um 50 sm spotta af glærri línu sem ég á að hnýta næst flugulínunni, þá kemur tökuvarinn og svo taumurinn. Ég skil ekki alveg til hvers þessi glæri spotti er en Jan talar eitthvað um

að styggja ekki fiskinn, skuggavarp á vatnsflötinn og fleira í þeim dúr sem ég átta mig ekki á en þykist skilja að þetta sé einhver brella sem munar um þegar menn eru komnir á heimsmeistaramót.

Jan réttir okkur lítið box með púpum, fer yfir úrvalið og hvernig best er að raða þeim á tauminn. Til þess að ná botninum hratt setur maður þyngstu púpuna neðst, en ef maður vill halda neðstu púpunni aðeins ofar hefur maður hana aðeins léttari en þá næstneðstu.

Hér ætlum við að veiða harra (e. grayling, tj. lipan). Harrinn er sprettharður og skemmtilegur fiskur þótt hann komist ekki í hálfkvisti við urriðann. Hann er svo gæfur að ekki skiptir máli hvort við veiðum uppstreymis eða með straumnum, hann sér ekki fyrir en við stígum á hann. Hér getur maður fengið urriða, en það er sjaldgæft. Urriðinn er

miklu styggari og nánast ógerlegt að ná honum nema koma neðan að honum.

Allar flugurnar eru agnhaldslausar og hér sleppum við öllu. Til að losa fluguna úr fiskinum vill Jan að við notum sérstakan hól, sjá mynd, sem auðvelt er að renna uppí fiskinn og vipa flugunni út úr honum án þess að taka hann upp úr vatninu.

### Púpuveiðar með tékkneskum hætti

Þegar allir hafa vígbúist vöðum við út í ána og förum að veiða með hinni margrómuðu tékknesku púpuaðferð. Þetta er í rauninni einfalt: Kasta tvær til þrjár stangarlengdir skáhalt upp fyrir sig og láta reka niður þannig að tökuvarinn fylgi straumnum en línan sé alltaf bein og tilbúin að taka á móti fiskinum (sjá mynd á næstu síðu).

Þetta er eins og að fara á kastnámskeið, kennarinn kemur þegar hann sér að nemandinn gerir ekki rétt, sýnir aftur og aftur hvernig á að gera og stýrir handleggnum á rétta braut eða heldur í stöngina



Kurkovsky, eða „Kúrkur“, eftir nafni húsbóndans. Girnilegar flugur fyrir íslenska urriða.

með nemandanum í kastinu og á rekinu þegar annað dugar ekki.

Ég geri margt vitlaust. Fyrsta er að ég reyni að kasta of langt og byrja að strippa. Nei, við þurfum ekki að kasta lengra en svo að sáralítill þörf sé á að strippa. Það er nóg að draga lítillsháttar inn, og fylgja reki tökuvarans svo með stangarendanum. Mér tekst lengi vel ekki að fylgja tökuvaranum nógu ákveðið og lyfti ekki stönginni nógu hátt. Nú kemur í ljós af hverju við áttum að koma með níu feta stöng eða lengri. Það er til að hafa stjórn á tökuvaranum og taumnum. Þegar púpunar eru komnar tvær eða þrjár stangarlengdir upp fyrir veiðimanninn er betra að hafa langa stöng til að geta fylgt rekinu með stönginni án þess að þurfa að strippa. Eftir því sem tökuvarann rekur að veiðimanninum verður hann að lyfta stönginni hærra, eins hátt og hann getur, til að stangarendinn sé í beinu sambandi við tökuvarann allan tímann. Jan lætur okkur halda línunni svo hátt að tökuvarinn, litli rauði spottinn á taumnum, er allan tímann lóðréttur í vatninu í stað þess að fljóta láréttur í yfirborðinu. Þannig fylgir veiðimaðurinn reki tökuvarans með mikilli nákvæmni. Þegar tökuvarinn flýtur niðurfyrir veiðimanninn heldur hann áfram að fylgja tökuvaranum með því að lækka stang-

arendann rólega þar til línan strekkist út í lokin og þá er stangarendinn kominn niður undir vatnsborðið. (sjá ferli á mynd).


Þetta er í stuttu máli hin einfalda lýsing á galdri tékkneskra púpuveiða, og þessa einföldu aðferð æfðum við allan fyrri dag námskeiðsins meðan við gengum upp eftir ánni. Þegar dagur var kominn að kveldi höfðum við fylgt ánni í stórum sveig og mörgum hlykkjum svo ekki var mjög langt að ganga aftur að tjaldstæðinu þar sem bíllinn var. Ég hafði það svoltið á tilfinningunni að þetta væri eins og að læra frumsporið í samba. Mig minnir að við hjónin höfum ekki lært meira fyrsta veturinn í dansskólanum, bara það, áður en unnt var að kenna okkur hin ýmsu afbrigði árið eftir. Við Steve vorum, held ég, ekkert mjög slæmir nemendur, örugglega ekki Steve, en ég gæti núna ekki lýst neinu nema þessu frumkasti, þótt ég ætti líf mitt að leysa, samt lærðum við heilmikið annað og dagurinn leið í algleyms veiðigleðinnar, sem ekki þarf að útskýra fyrir lesendum Áróðs. Jan sýndi okkur ýmis tilbrigði við að kasta og láta reka og við lékum það eftir. Galdurinn var að lesa vatnið rétt, kasta í straumskilin og láta flugurnar reka að tókustaðnum. Stundum fannst meistaranum við

ekki stýra flugunni rétt, aðallega hætti mér til að láta fluguna rekast aðeins til hliðar eða ég dró hana of hratt áfram, og þá tók Jan í kasthöndina og leiðrétti stjórnina.

Eftir daginn höfðum við fengið fleiri fiska en við gátum tölu á komið. Aflinn þætti sjálfsgagt lítill á Íslandi því harri er ekki stór fiskur, og í samanburði við urriðaveiði í Laxárdal voru þetta lítill átök. Á móti kemur að við vorum með hárfínan taum og fengum góða tilfinningu fyrir vatninu og veiðistöðunum.

Þegar við komum á gistiheimilið um kvöldið var komið myrkur. Eva og Marty höfðu átt góðan dag og það var glatt á hjalla. En það varð ekki mikið úr hnýtingunum um kvöldið, til þess var einfaldlega of mikið fjör með konunum. En húsbóndinn sat við þvinguna út við gluggann, kenndi mér að hnýta eina af flugunum sínum og gaf mér sýnishorn af öðrum. Hann sagðist vera farinn að nota hvítan tvinna (sem mér sýndist vera glær) að staðaldri í staðinn fyrir þennan svarta. Aðalástæðan er sú að hvítur tvinni gefur bjartari flugur og aðrir litir njóta sín betur. „Allt efni sem hnýtt er á öngulinn fær meiri bjarma ef tvinninn undir er hvítur. Svartur tvinni slær skugga á allt annað efni í flugunni,“ sagði Kúrka bóndi eins og sá sem talar af reynslu.

## Að veiða andstreymis



*Byrjið á að kasta stutt skáhallt upp í strauminn (til hægri á myndinni). Lyftið stangarendanum rólega og dragið inn slaka á línunni. Lyftið stönginni smám saman til að ekki slakni á línunni upp í hæstu stöðu og haldið beinu sambandi við tökuvarann allan tímann. Fylgið rekinu með stangartoppnum. Lækkið stöngina smám saman og gefið út svolitla línu í lokin. Leyfið straumnum að rétta úr taumnum áður en þið kastið aftur. Gætið þess að fiskurinn tekur gjarnan þegar réttist úr taumnum og púpunar lyftast í vatninu.*



Ármaður #643 ræðir af háttvísi um veiðibráð við Jan Šíman á bökkum Moldár.

### Dagur þurrflugunnar

Morguninn eftir vorum við snemma á fótum en konurnar ákváðu að sofa út. Jan sýndi okkur alls kyns dót sem hann hafði komið með, öngla, hnýtingarefni, tauma, línur, tókuvara og margt annað sem ég kann ekki að nefna en allir góðir veiðimenn þurfa á að halda. Steve lét greipar sópa, þekkti greinilega alla hluti í þessu úrvali, en ég hafði ekki vit á að kaupa nema það nauðsynlegasta sem ég vissi að ég kunnist að nota. Ég sé að næst þegar ég kemst í svona úrval af veiðidóti þarf ég að vera betur undirbúinn.

Þennan dag veiddum við aftur á svipuðum slóðum og fyrri daginn en aðeins ofar, í friðlandi þjóðgarðsins. Jan taldi okkur vera sæmilega útlærða í púpuveiðum í bili svo þessi dagur var tekinn í að veiða á þurrflugu. Hann lét okkur velja úr nokkrum flugum, býsna smáum, og líklega veiddum við mest á flugur í númeri kringum 20, sumar aðeins stærri, aðrar minni. Við notuðum sama taumefni og daginn áður en nú var taumurinn hnýttur öðru vísi, bara ein fluga á löngum taumi og

engir lausir endar. Nú máttum við líka kasta lengra. Við æfðum okkur að kasta upp í strauminn og niður fyrir okkur, allt eftir því hvar fiskurinn sýndi sig, og lögð var áhersla á að flugan settist fimlega á vatsborðið án þess að hún skrikaði í lendingu. „Ef flugan skrikar til í vatsborðinu er búið að styggja fiskinn og þá verður að kasta aftur,“ sagði Jan. Svo þurfti að draga inn eða gefa línu út án þess að trufla frjálst rek flugunnar í vatnsborðinu. Við lærðum og æfðum ýmis smáatriði við þurrflugukastið, aðallega að láta fluguna setjast hægt og rólega á vatnið, án þess að gára það, hvort sem við köstuðum upp fyrir okkur eða niður fyrir.

Eins og daginn áður vorum við algerlega einir úti í náttúrunni með fiskum og fuglum. Við urðum oft varir, en eins og þurrflugumenn vita tollir fiskur ekki alltaf á litlum öngli.

Eva og Marty voru hinar ánægðustu eftir daginn þrátt fyrir rigningu og þoku. Þær höfðu farið í bíltúr í þjóðgarðinum, og meira að segja fundið bílinn okkar í skóginum, en að öðru leyti voru þær í útsýnisferð.

Útsýnið var ekki eins og best varð á kosið, en því höfðum við alls ekki tekið eftir við ána, umluktir þéttum skógi. En svo hafði víst glaðnað til seinnipartinn.

Um kvöldið skoðuðum við nokkrar tékkneskar púpur og Jan sýndi okkur þær aðferðir sem hann notar til að hnýta þær. Við gátum hnýtt svolítið þarna um kvöldið og þeir sem vöknudu snemma morguninn eftir gátu byrjað daginn þar sem frá var horfið áður en kominn var tími til að kveðjast og halda á brott. Ættingjar Steve í Austurríki ætluðu að skreppa yfir landamærin og sækja þau, Jan ætlaði heim til Plzen en við Eva fórum aftur í Leifsbúð til þess að pakka og fljúga svo heim til Íslands.

### Og?

Nú spyrja sjálfsgagt lesendur Áróðs hvort púpuveiðar með tékkneskum hætti hafi skilað sér í aflabrögðum sumarsins. Ljóst er að veiðskapur í lygnri móðu með þægilegum botni í miðjum skógi þar sem enginn vindur blæs er töluvert annars eðlis en flestur veiðskapur hér á landi. Hér er í fyrsta lagi alltaf rok, í öðru lagi

stríðari straumur og í þriðja lagi er botninn annaðhvort hraun eða stórgrýti. Margt af því sem Jan kenndi okkur í logninu milli trjáanna hefur mér ekki tekist að leika eftir í því hífandi roki sem jafnan er hér á veiðislóð. Samt skilaði námskeiðið ótvíræðum árangri í tveimur fiskum sem ég veiddi með þeim aðferðum sem við æfðum á námskeiðinu. Ég náði lengsta fiski sem veiddist í holti Ásgeirs Steingrímssonar í Laxá í Þing í júlí og svo náði ég einum í Skálmardalsá í lok júlí. Sennilega hefði ég hvorugum náð nema fyrir þá æfingu sem ég fékk í skógum Suður-Bæheims. En hið merkilega er að ég hef aldrei veitt jafn vel í stöðuvötnum og í sumar.

Ég get hiklaust mælt með námskeiðinu, ekki bara vegna þess að Jan er góður kennari og flinkur veiðimaður, heldur er það að veiða í þessu umhverfi ævintýri útaf fyrir sig. Menn geta líka farið á eigin vegum í veiðiferð til Tékklands og gist til dæmis hjá Kúrka-fjölskyldunni.

Baldur Sigurðsson #643



Hann er á!

## Veiðileyfi í Tékklandi

Skipulag og sala veiðileyfa er í svoltið öðrum farvegi í Tékklandi en hér. Frumskilyrði til að fá að veiða í landinu er að hafa Veiðiskirteini, útgefið af yfirvöldum í því héraði þar sem veiðimaðurinn býr. Heimamenn þurfa að ljúka sérstöku námskeiði um fiska, veiðireglur og meðferð aflu til að fá þetta skirteini en Ármenn geta fengið útlendingaskirteini á bæjarskrifstofunni fyrir 100 tékkneskar krónur gegn því að framvísa félagsskirteini sínu í Ármönnum.

Með þetta skirteini í höndum geta menn keypt sér veiðileyfi af stangaveiðifélögum um land allt. Stangaveiðifélögin eru svæðisbundin eftir sveitarfélögum, líkt og verkalyðsfélög á Íslandi, og hafa umsjón með allri veiði innan síns svæðis. Ekki borgar sig að kaupa veiðileyfi fyrir minna en eina viku ef menn ætla að veiða í meira en tvo daga. Þá er um tvenns konar veiðisvæði að velja: með silungi og án silungs.

Aðgangur að silungasvæðunum (urriði og regnbogasilungur) kostar tvöfalt meira en venjulegt veiðileyfi, en kostar samt lítilræði miðað við það sem hér tíðkast. Unnt er að kaupa leyfi til veiða í einu sveitarfélagi, einni sýslu, einu kjördæmi eða í landinu öllu. Það að kaupa veiðileyfi í einni á er óþekkt nema ef svo vill til að áin er eina veiðisvæðið í hreppnum. Sumarleyfi í landinu öllu kostar eins og dágott leyfi í einn dag á Íslandi.

Það kann að vera nokkurt stúss að útvega sjálfur öll skirteini og leyfi í stuttri ferð en á námskeiðinu sá Jan um alla pappíra. Hann segist vera boðinn og búinn að útvega öll leyfi og skipuleggja veiðiferðir ef Íslendingar hafa áhuga á að koma. Netfang hans er [info@siman.cz](mailto:info@siman.cz).

Best er að fara á vorin og haustin. Yfir hásumarið er lítill friður í stærri ám fyrir kajakræðurum.

**Scott**  
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport  
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið